

Frá: Haven Rescue Home

Sent: miðvikudagur, 14. desember 2022 17:42

Efni: Stuðningur við Haven Rescue Home // Árný

Sælar

Árný heiti ég og er að vinna að söfnun fyrir Haven Rescue Home (HRH) í Kenía.

Ég hringdi og var bent á að senda ykkur tölvupóst.

Haven er heimili fyrir stúlkur, 12-18 ára sem eru barnshafandi sem og fyrir ungar mæður. Flestar þessar stúlkna hafa orðið barnshafandi eftir misnotkun.

Íslensk kona að nafni Anna Þóra stofnaði og hefur séð um rekstur heimilisins frá því árið 2016 og í dag búa þar um 25 stúlkur.

Okkur langar að athuga hvort þið hafið möguleika á að styrkja þetta góða starf sem þarna fer fram með einu frjálsum framlagi, upphæð að eigin vali, sem kæmi þá í heimabanka í eitt skipti.

Anna Þóra hefur verið mjög áberandi að sýna frá heimilinu á Snapchat (annathora) þar sem hún er dugleg að sýna frá því starfi sem þar fer fram.

Í Kenía ríkir mikil fátækt og eitt af þeim mörgu vandamálum sem fylgir fátækt er að ungar stúlkur verða barnshafandi og ljúka ekki skólagöngu. Ríkjandi hugarfar í samfélaginu er að þegar þú ert orðin móðir sé skólagöngunni lokið, mæður eigi að taka ábyrgð á barni og sjá fyrir fjölskyldu sinni.

Þær stúlkur sem kjósa að halda áfram að mennta sig hafa hingað til einungis haft þann möguleika að gefa barn sitt frá sér.

Mörg heimili taka við ungabörnum sem fjölskyldur gefa frá sér, en aðeins örfá heimili eru starfrækt sem aðstoða bæði móður og barn.

Frekari upplýsingar um starfið er að finna í viðhengi við póstinn.

Endilega verið í sambandi ef þið viljið styðja við þetta góða málefni.

Með kærri kveðju, Árný

--

